

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 189/2011

2012/EES/19/08

frá 25. febrúar 2011

um breytingu á VII. og IX. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001 um setningu reglna um forvarnir gegn, eftirlit með og útrýmingu tiltekinna tegunda smitandi heilahrönnunar (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópu-sambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001 frá 22. maí 2001 um setningu reglna um forvarnir gegn, eftirlit með og útrýmingu tiltekinna tegunda smitandi heilahrönnunar ⁽¹⁾, einkum fyrstu málsgrein 23. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð (EB) nr. 999/2001 eru settar reglur um forvarnir gegn, eftirlit með og útrýmingu smitandi heilahrönnunarsjúkdóma í dýrum. Hún gildir um framleiðslu lifandi dýra og afurða úr dýraríkinu og setningu þeirra á markað og, í tilteknum sértilvikum, um útflutning þeirra.
- 2) Í A-kafla VII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001 er mælt fyrir um niðurskurðarráðstafanir sem á að grípa til þegar smitandi heilahrönnun hefur verið staðfest í sauðfé eða geitum. Ef um er að ræða staðfestingu á smitandi heilahrönnun, annari en kúariðu, í sauðfé eða geitum felast niðurskurðarráðstafanirnar annaðhvort í aflifun og algerri eyðingu allra dýra á bújörðinni eða í aflifun og algerri eyðingu alls sauðfjár á bújörðinni, sem er smitnæmt fyrir riðuveiki af erfðafræðilegum orsökum, og í aflifun og algerri eyðingu allra geita á bújörðinni, þar eð ekki hefur verið sýnt fram á arfbundið þol gegn riðuveiki í geitum.
- 3) Í A-kafla VII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001 er einnig kveðið á um að aðildarríkin geti ákveðið að fresta eyðingu dýranna í allt að fimm undaneldisár að uppfylltum tilteknum skilyrðum. Ef um er að ræða sauðfé eða geitur, sem haldin eru til framleiðslu á mjólk með það í huga að setja hana á markað, má þó einungis fresta aflifun og eyðingu dýranna í að hámarki 18 mánuði. Í reglugerð (EB) nr. 999/2001 er fyrsti dagur þessa

18 mánaða frestunartímabils þó ekki ákveðinn. Til að forðast réttaróvissu varðandi löggjöf Sambandsins þykir rétt að breyta VII. viðauka við þá reglugerð þannig að frestunartímabilið hefjist þann dag sem vísitilfellið er staðfest.

- 4) Bráðabirgðaniðurstöður vísindalegrar rannsóknar ⁽²⁾ í júlí 2010, sem kypversk yfirvöld önnuðust undir eftirliti tilvísunarrannsóknarstofu Evrópusambandsins fyrir smitandi heilahrönnunarsjúkdóma, sýndu auk þess að arfbundið þol gegn riðuveiki í geitum getur verið fyrir hendi. Þó er ekki búist við að endanlegar niðurstöður rannsóknarinnar liggi fyrir fyrr en á síðari árhelmingi 2012.
- 5) Ef sú rannsókn staðfestir að þol gegn riðuveiki sé fyrir hendi má telja eðlilegt að breyta reglugerð (EB) nr. 999/2001 frá og með janúar 2013 í því skyni að undanþiggja geitur með þol gagnvart riðuveiki frá kröfunum um aflifun og algera eyðingu sem mælt er fyrir um í A-kafla VII. viðauka við þá reglugerð. Í því skyni að komast hjá óþarfa aflifun og algerri eyðingu geita, sem gætu talist með þol gagnvart riðuveiki í náinni framtíð, á bújörðum þar sem dýr eru haldin til framleiðslu á mjólk með það í huga að setja hana á markað er rétt að framlengja frestunartímabilið, að því er varðar aflifun og algera eyðingu þessara dýra, til 31. desember 2012 ef vísitilfellið var staðfest fyrir 1. júlí 2011.
- 6) Í IX. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001 er mælt fyrir um reglur varðandi innflutning inn í Sambandið á lifandi dýrum, fósturvísu, eggjum og afurðum úr dýraríkinu. Í C-kafla viðaukans eru settar fram reglur um innflutning á afurðum úr dýraríkinu úr nautgripum, sauðfé og geitum, einkum gelatíni.
- 7) Í 16. gr. reglugerðar (EB) nr. 999/2001 er kveðið á um að gelatín, sem er framleitt úr húðum og skinnum af heilbrigðum jörturdýrum, skuli ekki sæta takmörkunum við setningu á markað samkvæmt tilteknum ákvæðum þeirrar reglugerðar. Af þeim sökum skal innflutningur til Sambandsins á gelatíni, sem er framleitt úr húðum og skinnum af heilbrigðum jörturdýrum, ekki heldur háður þessum takmörkunum.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 53, 26.2.2011, bls. 56. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 1/2012 frá 10. febrúar 2012 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 147, 31.5.2001, bls. 1.

⁽²⁾ <http://www.efsa.europa.eu/en/scdocs/scdoc/1371.htm>

- 8) Í D-kafla IX. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001 er mælt fyrir um reglur um innflutning á aukaafurðum úr nautgripum, sauðfê og geitum og unnum afurðum sem fást úr þeim.
- 9) Tilteknar aukaafurðir úr dýrum og afurðir sem fást úr þeim, eins og skilgreint er í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1069/2009 frá 21. október 2009 um heilbrigðisreglur að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til manneldis, og niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 1774/2002 (Reglugerð um aukaafurðir úr dýrum) ⁽³⁾, skapa ekki hættu á að smitandi heilahrörmun berist til manna eða dýra. Af þeim sökum skulu kröfur um heilbrigðisvottun, sem mælt er fyrir um í D-kafla IX. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001, ekki gilda um innflutning slíkra afurða.
- 10) Því ber að breyta VII. og IX. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001 til samræmis við það.
- 11) Reglugerð (EB) nr. 1069/2009 gildir frá 4. mars 2011. Til glöggvunar og til að tryggja samfellu í löggjöf

Sambandsins skulu breytingarnar, sem gerðar eru á D-kafla IX. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001 með þessari reglugerð, einnig gilda frá þeim degi.

- 12) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMBÝKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum VII. og IX. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Ákvæði b-liðar í 2. lið viðaukans við þessa reglugerð gilda frá 4. mars 2011.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 25. febrúar 2011.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar

forseti

José Manuel BARROSO

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 300, 14.11.2009, bls. 1.

VIÐAUKI

Ákvæðum VII. og IX. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001 er breytt sem hér segir:

1) Í VII. viðauka er A-kafla breytt sem hér segir:

a) Í stað f-liðar í lið 2.3 komi eftirfarandi:

„f) ef tíðni ARR-genasamtæðu innan búfjárkynsins eða á bújörðinni er lág eða hún er ekki til staðar eða ef það er talið nauðsynlegt til þess að forðast skyldleikaræktun getur aðildarríki ákveðið að fresta því að aflífa og eyða algerlega þeim dýrum, sem um getur í i. og ii. lið b-liðar í lið 2.3, en þó ekki lengur en í fimm undaneldisár frá þeim degi sem vísitilfellið er staðfest, að því tilskildu að engir undaneldishrútar, aðrir en þeir sem eru af ARR/ARR arfgerð séu á bújörðinni.

Ef um er að ræða sauðfé eða geitur, sem haldin eru til framleiðslu á mjólk með það í huga að setja hana á markað, má þó einungis fresta aflífun og algerrri eyðingu dýranna í að hámarki 18 mánuði frá þeim degi sem vísitilfellið var staðfest, nema þegar um er að ræða geitur þar sem fresta má aflífun og algerrri eyðingu dýranna til 31. desember 2012 ef vísitilfellið var staðfest fyrir 1. júlí 2011.“

b) Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 2.4:

„2.5 Meðan þess er beðið að dýrin, sem um getur í i. og ii. lið b-liðar í lið 2.3, séu aflífuð og þeim eytt algerlega, þ.m.t. dýr þar sem aflífun og algerrri eyðingu hefur verið frestað eins og kveðið er á um í f-lið liðar 2.3, gilda ráðstafanirnar, sem settar eru fram í a- og b-lið í lið 3.1, lið 3.2 og a-lið, fyrsta undirlið b-liðar og d-lið í lið 3.3, á bújörðinni eða bújörðunum.“

2) Ákvæðum IX. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Í stað A-þáttar í C-kafla komi eftirfarandi:

„A-ÞÁTTUR

Afurðir

Eftirfarandi afurðir úr nautgripum, sauðfé og geitum, eins og þær eru skilgreindar í liðum 1.10, 1.13, 1.15, 7.1, 7.5, 7.6, 7.7 og 7.9 í I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004 ⁽⁴⁾, skulu falla undir þau skilyrði sem mælt er fyrir um í B-, C- og D-þætti í þessum kafla, eftir því hvaða áhættuflokk upprunalandið fellur undir í tengslum við kúariðu:

- nýtt kjöt,
- hakkað kjöt,
- unnar kjötvörur,
- kjötafurðir,
- brædd dýrafita,
- hamsar,
- gelatín, annað en gelatín sem er framleitt úr húðum og skinnum,
- meðhöndlaðar garnir.“

(4) Stjtið. ESB L 139, 30.4.2004, bls. 55.

- b) Í stað D-kafla komi eftirfarandi:

KAFLI D

Innflutningur á aukaafurðum úr dýrum og unnum afurðum úr þeim sem fást úr nautgripum, sauðfé eða geitum

A-ÞÁTTUR

Aukaafurðir úr dýrum

Þessi kafli gildir um eftirfarandi aukaafurðir úr dýrum og unnar afurðir úr þeim, eins og þær eru skilgreindar í 1. og 2. lið 3. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1069/2009 (*), að því tilskildu að þessar afurðir séu úr nautgripum, sauðfé eða geitum:

- a) brædda fitu úr efni í 2. flokki, sem ætlunin er að nota sem lífrænan áburð eða jarðvegsbæti, eins og þeir eru skilgreindir í 22. lið 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009, eða upphafsefni þeirra eða hálfunnar vörur,
- b) bein og beinaafurðir úr efni í 2. flokki,
- c) brædda fitu úr efni í 3. flokki, sem ætlunin er að nota sem lífrænan áburð eða jarðvegsbæti eða sem fóður, eins og þau eru skilgreind í 22. og 25. lið 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009, eða upphafsefni þeirra eða hálfunnar vörur,
- d) gæludýrafóður, þ.m.t. nagbein,
- e) blóðafurðir,
- f) unnið dýraprótein,
- g) bein og beinaafurðir úr efni í 3. flokki,
- h) gelatín sem er framleitt úr öðrum efnum en húðum og skinnum,
- i) efni úr 3. flokki og afurðir sem fást úr því, aðrar en þær sem um getur í c- til h-lið, þó ekki:
 - i. nýjar húðir og skinn, unnar húðir og skinn,
 - ii. gelatín sem er framleitt úr húðum og skinnum,
 - iii. fituafleiður,
 - iv. kollagen.

B-ÞÁTTUR

Kröfur vegna heilbrigðisvottorðs

Innflutningur aukaafurða úr dýrum og afleiddra afurða, sem fást úr nautgripum, sauðfé og geitum, sem um getur í A-þætti, skal háður framvísun heilbrigðisvottorðs þar sem staðfest er:

- a) að aukaafurðirnar úr dýrum eða afleidda afurðirnar innihalda ekki og eru ekki framleiddar úr sérstöku áhættuefni eða vélúrbeinuðu kjöti sem fengið er af beinum úr nautgripum, sauðfé eða geitum og að dýrunum, sem þessar aukaafurðir eða afleidda afurðirnar hefur ekki verið slátrað eftir deyfingu með gasi, sem er sprautað inn í kúpuholið, eða þau verið aflífuð með sömu aðferð eða þeim verið slátrað með því að tæta vef miðtaugakerfisins í sundur með ilöngu, staflaga verkfæri, sem er stungið inn í kúpuholið, eða
- b) að aukaafurðirnar úr dýrum eða afleidda afurðirnar innihalda ekki og eru ekki fengnar úr efni úr nautgripum, sauðfé og geitum, öðru en því sem fengið er úr dýrum sem voru fædd og síðan alin samfelld frá burði og slátrað í landi eða á svæði, sem með ákvörðun, sem er tekin í samræmi við 2. mgr. 5. gr., er flokkað sem land eða svæði þar sem áhætta í tengslum við kúariðu er óveruleg.

Til viðbótar við a- og b-lið skal innflutningur aukaafurða og afleiddra afurða, sem um getur í A-þætti, sem innihalda mjólk eða mjólkurafurðir úr sauðfé eða geitum og eru ætlaðar sem fóður fyrir jörturdýr, háður framvísun heilbrigðisvottorðs þar sem staðfest er:

- c) að sauðfénu og geitunum, sem þessar afurðir eru úr, hefur verið haldið samfelld frá fæðingu eða næstliðin

þrjú ár á bújörð þar sem ekki eru opinberar takmarkanir á flutningi vegna gruns um smitandi heilahrörnun og þar sem eftirfarandi kröfur hafa verið uppfylltar næstliðin þrjú ár:

- i. bújörðin hefur sætt reglubundnu, opinberu heilbrigðiseftirliti með dýrum og dýraafurðum,
- ii. ekkert tilvik dæmigerðar riðuveiki hefur greinst eða, eftir að tilvik dæmigerðrar riðuveiki hefur verið staðfest:
 - öll dýr, sem staðfest var að væru með dæmigerða riðuveiki, hafa verið aflífuð og þeim eytt og
 - allt sauðfé og geitur á bújörðinni hafa verið aflífuð og þeim eytt, að frátöldum hrútum til undaneldis sem eru með arfgerðina ARR/ARR og ám til undaneldis sem eru með a.m.k. eina ARR genasamsætu en enga VRQ genasamsætu,
- iii. að frátöldu sauðfé af prionprótínarfgerð ARR/ARR má því aðeins koma með sauðfé og geitur inn á bújörðina að þau komi frá bújörð sem uppfyllir kröfurnar sem settar eru fram í i. og ii. lið;

eða

- d) ef um er að ræða aukaafurðir úr dýrum eða afleiddar afurðir, sem ætlunin er að senda til aðildarríkis sem tilgreint er í viðaukanum við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 546/2006 (**), hefur sauðfénu og geitunum, sem þessar afurðir eru úr, verið haldið samfellt frá fæðingu eða næstliðin sjö ár á bújörð þar sem ekki eru opinberar takmarkanir á flutningi vegna gruns um smitandi heilahrörnun og þar sem eftirfarandi kröfur hafa verið uppfylltar næstliðin sjö ár:
 - i. bújörðin hefur sætt reglubundnu, opinberu heilbrigðiseftirliti með dýrum og dýraafurðum,
 - ii. ekkert tilvik dæmigerðar riðuveiki hefur greinst eða, eftir að tilvik dæmigerðrar riðuveiki hefur verið staðfest:
 - öll dýr, sem staðfest var að væru með dæmigerða riðuveiki, hafa verið aflífuð og þeim eytt og
 - allt sauðfé og geitur á bújörðinni hafa verið aflífuð og þeim eytt, að frátöldum hrútum til undaneldis sem eru með arfgerðina ARR/ARR og ám til undaneldis sem eru með a.m.k. eina ARR genasamsætu en enga VRQ genasamsætu,
 - iii. að frátöldu sauðfé af prionprótínarfgerð ARR/ARR má því aðeins koma með sauðfé og geitur inn á bújörðina að þau komi frá bújörð sem uppfyllir kröfurnar sem settar eru fram í i. og ii. lið.“

(*) Stjtið. ESB L 300, 14.11.2009, bls. 1.

(**) Stjtið. ESB L 94, 1.4.2006, bls. 28.